

6. gr.

Nú hefur fjáreigandi af einhverjum ástæðum ekki látið bólusetja ásetningsslömb eða annað fé sitt, sem skylt er að bólusetja innan tilskilins tíma og skal þá oddviti (bæjarstjóri) gera eftirlitsmanni aðvart. Skal þá eftirlitsmaður í samráði við lög-reglustjóra gera ráðstafanir til þess að féð verði bólusett á kostnað eigenda eða um-ráðamanna, eins fljótt og við verður komið.

7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sýslusjóði (bæjarsjóði) og að hálfu úr ríkissjóði (Sauðfjársjúkdómanefnd).

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferða-kostnaðarreikninga þeirra. Bóluefni, útbúnað til bólusetningar og kaup bólusetning-armanna skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á fjáreigendur í hlutfalli við bólusett fé hverju sinni.

8. gr.

Tilraunastöðin á Keldum skal veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bólusetningarinnar og meðferð fjárins að henni lokinni.

Ákvæði til bráðabirgða:

1. Allt ásetningsfé skal bólusett gegn garnaveiki í Reykjafjarðarhreppi í N-Ísa-fjarðarsýslu nú þegar.
2. Í öllum öðrum hreppum varnarhólfsins vestan varnargirðingar úr Kollafirði í Ísafjörð skulu ásetningsslömb og fé á öðrum vetri bólusett gegn garnaveiki, svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en 31. janúar 1977.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 23 10. mars 1956. Reglugerðin er sett skv. 44. gr. þeirra laga og öðlast þegar gildi og jafnframt er fallin úr gildi reglugerð nr. 207 30. september 1966, ennfremur tilkynn-ingar og auglýsingar um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki, áður útgefnar.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Íslenskum skipum, sem veiðar stunda með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (viðmiðunarstaður 1), og að austan af 20°20'0 v.lgd.
2. Fyrir Norðausturlandi allt árið, á svæði, er að vestan takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10).

Að utan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 70 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. Fyrir Suðausturlandi allt árið á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a. $64^{\circ}01'0$ n.br., $14^{\circ}07'0$ v.lgd.
 - b. $64^{\circ}05'5$ n.br., $13^{\circ}46'0$ v.lgd.
 - c. $63^{\circ}49'5$ n.br., $13^{\circ}39'0$ v.lgd.
 - d. $63^{\circ}45'0$ n.br., $14^{\circ}00'0$ v.lgd.
4. Fyrir Vesturlandi á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember ár hvert á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a. $65^{\circ}25'0$ n.br., $27^{\circ}00'0$ v.lgd.
 - b. $65^{\circ}25'0$ n.br., $26^{\circ}45'0$ v.lgd.
 - c. $64^{\circ}40'0$ n.br., $27^{\circ}00'0$ v.lgd.
 - d. $64^{\circ}40'0$ n.br., $27^{\circ}15'0$ v.lgd.

Ennfremur eru íslenskum skipum bannaðar allar veiðar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a. $63^{\circ}32'0$ n.br., $22^{\circ}00'0$ v.lgd.
 - b. $63^{\circ}32'0$ n.br., $21^{\circ}10'0$ v.lgd.
 - c. $63^{\circ}00'0$ n.br., $21^{\circ}10'0$ v.lgd.
 - d. $63^{\circ}00'0$ n.br., $22^{\circ}00'0$ v.lgd.
2. Norður af Kögri allt árið á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a. $67^{\circ}17'0$ n.br., $23^{\circ}51'0$ v.lgd.
 - b. $67^{\circ}21'5$ n.br., $22^{\circ}03'0$ v.lgd.
 - c. $67^{\circ}02'4$ n.br., $21^{\circ}47'0$ v.lgd.
 - d. $66^{\circ}57'0$ n.br., $23^{\circ}21'0$ v.lgd.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru felldar úr gildi 1. mgr. 1.—5. tl. og 2. mgr. 1.—2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 17 19. janúar 1976, um breyting á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands ásamt síðari breytingum nr. 65/1976 og 406/1976. Ennfremur er felld úr gildi reglugerð nr. 66 19. mars 1976 um friðunarsvæði í Reykjafjarðarál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.